

89

5. Varnarskurðir, 6 feta breiðir að ofan, 2 feta djúpir og rofinu hlaðið í garð á skurðbakkanum 4 $\frac{1}{2}$ □ faðmar
- d. Flóðgarðar og stýflugarðar:
1. 1—2 feta háir 300 teningsfet
2. Yfir 2 feta háir 200 —
- e. Vatnsveitingaskurðir:
1. Allt að 5 feta breiðir, tvístungnir (2 feta djúpir) 400 —
2. Yfir 5 feta breiðir, þristungnir (3 feta djúpir) 300 —
- f. Lokræsi:
1. Með grjóti (mölræsi) 3 faðmar
2. Með hnaus (holræsi) 8 —
3. Styrkurinn skal miðaður við tölu dagsverka þeirra, sem unnin hafa verið í fjelaginu að framantöldum jarðabótum næsta ár á undan því, er styrkurinn er veittur.
4. Bónarbrjefin um styrkinn eiga að vera komin til landshöfðingja fyrir 1. júlí ár það, sem styrkurinn er veittur, í næsta sinn fyrir 1. júlí 1894.

Reykjavík, 28. október 1893.
Landshöfðinginn yfir Íslandi
Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

90

Reikningur

yfir tekjur og gjöld búnaðarsjóðs Austuramtsins 1892.

Tekjur.

1. Í sjóði 1. jan. 1892:
- a. Í uppsegjanlegu konunglegu skuldabryjfi Kr. 835,52
- b. Í skuldabryjfum einstakra manna — 800,00
- c. Í peningum — 107,15
- Kr. 1742,67
2. Vextir:
- a. Af uppsegjanlegu konunglegu skuldabryjfi Kr. 33,42
- b. Af skuldabryjfum einstakra manna — 32,00 — 65,42
- Kr. 1808,09

Gjöld.

1. Styrkur veittur búnaðarskólanum á Eyðum — 172,57
2. Í sjóði við árslok:
- a. Í uppsegjanlegu konunglegu skuldabryjfi Kr. 835,52
- b. Í skuldabryjfum einstakra manna — 800,00 — 1635,52
- Kr. 1808,09

Skrifstofu Austuramtsins, Akureyri 30. jan. 1893.

Í fjarveru amtmanns J. Havsteen

Kl. Jónsson,
settur.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögum fyrir 1892 og 1893.

13. gr. B. VI. b. 1.

Til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum var með brjefi landshöfðingja 14. okt. veittur þessi styrkur fyrir árið 1893: